

**21. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
13. október 2015 og hófst hann kl. 08:00**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson varamaður, Gunnar Gíslason svíðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólapróunar og sérfræðipjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1509378 - Afreksíþróttasvið samstarfssamningur 2015**

Undirbúningur var lagður að stofnun nýrrar námsbrautar við Fjölbautaskóla Vesturlands (FVA), afreksíþróttasvið síðast liðið vor. Að undirbúningnum stóðu fulltrúar frá FVA og Jón Þór Jónsson íþróttafulltrúi ÍA ásamt því sem upplýsingar voru veittar til starfsmanna og pólitískra fulltrúa Akraneskaupstaðar. Opinn kynningarfundur var haldinn fyrir foreldra, nemendur og aðra áhugasaman. Aðsókn í námsbrautina afreksíþróttasvið fór fram úr björtstu vonum en í dag eru 46 nemendur skráðir við nám á brautinni og boðið er upp á sex valgreinar innan svíðsins, fótbalta, badminton, sund, keilu, fimileika og körfubolta. Nú liggja fyrir drög að formlegum samstarfssamningi FVA, ÍA og Akraneskaupstaðar vegna þessa verkefnis.

Á fundinn mættu kl. 8:00 Jón Þór Jónsson íþróttafulltrúi ÍA og Hörður Kári Jóhannesson forstöðumaður íþróttamannvirkja.

Farið var yfir fyrstu drög að samstarfssamning Akraneskaupstaðar, ÍA og Fjölbautaskóla Vesturlands um námsbrautina afreksíþróttasvið við FVA. Skóla- og frístundaráð gerir ekki athugasemdir en samningur er í samráðsferli. Jón Þór vék af fundi kl. 8:18.

**2. 1502210 - Fjárhagsáætlun 2016**

Rammi fyrir fjárhagsáætlun 2016 liggur fyrir. Skóla- og frístundaráð fær ramma fyrir skóla- og frístundasvið til umfjöllunar.

Á fundinn mættu Arnbjörg Stefánsdóttir skólastjóri Brekkubæjarskóla, Hrönn Ríkharðsdóttir skólastjóri Grundaskóla áheyrnarfulltrúar skólastjórnenda grunnskóla, Anney Ágústsdóttir leikskólastjóri Akrasels, Ingunn Ríkharðsdóttir leikskólastjóri Garðasels, Margrét Þóra Jónsdóttir leikskólastjóri Teigasels, Brynhildur Björg Jónsdóttir leikskólastjóri Vallarsels, Heiðrún Janusardóttir verkefnistjóri æskulýðs- og forvarnarmála, Lúðvík Gunnarsson deildarstjóri í Þorpinu, Hörður Kári Jóhannesson forstöðumaður íþróttamannvirkja, Ingibjörg Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsmanna í Brekkubæjarskóla, Gunnur Hjálmsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsmanna í leikskólum og Hjörðís Dögg Grímarsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsmanna í Grundaskóla og Lárus Sighvatsson skólastjóri Tónlistarskólans á Akranesi mættu á fundinn kl. 8:18.

Farið var yfir fyrstu drög að fjárhagsáætlun 2016. Í þessum fyrstu drögum er ekki gert ráð fyrir óskum stofnana um viðbætur.

Fram komu ábendingar um atriði sem þarf að skoða betur.

SI

### 3. 1509320 - Menntamálastofnun - verkefni

Bréf barst frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu með upplýsingum um þau verkefni sem ráðuneytið hefur flutt til menntamálastofnunar.

Lagt fram til kynningar.

Ambjörg, Hrönn, Heiðrún, Lúðvík, Hörður Kári, Ingibjörg, Hjörðís Dögg og Lárus viku af fundi kl. 9:05.

### 4. 1501341 - Útboð á ræstingu 2015

Akraneskaupstaður óskaði eftir tilboðum í ræstingu fjögurra leikskóla og almenningsbókasafns kaupstaðarins. Verktími þess er frá 1. nóv. 2015 til 1. nóv. 2018.

Verkinu var skipt upp í two hluta, reglulega ræstingu á húsnæði leikskóla og almenningsbókasafni bæjarins og hreingerningu. Akraneskaupstaður áskilur sér því rétt til að semja við verktaka um reglulega ræstingu og jafnvel annan verktaka um hreingerningu eftir því hvernig tilboð þeirra hljóða í hvern verklið fyrir sig. Þann 29. september 2015 voru tilboðin opnuð en alls skiluðu þrír verktakar inn tilboði í verkin.

Farið var yfir þau þrjú tilboð sem bárust í þessa two verkbætti. Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda. Einnig að tekið verði tillit til þess í fjárhagsáætlun viðkomandi stofnana út samningstímabilið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9:30.

Örn  
Sigríður Indriðadóttir  
Rakel Oskarsdóttir  
Astríður Ófeð Págnassd.  
Kristján H. Sveinsson  
Jónas Karl Guðjónsson  
Ívala Þomsdóttir  
Guðrún Gislason